

Skrifleg beiðni yfirmanns og samkomulag um flutning orlofs milli orlofsára

Stofnun/ráðuneyti

Heiti stofnunar/ráðuneytis	Fjárlaganúmer
----------------------------	---------------

Starfsmaður

Nafn	Kennitala og starfsnúmer
------	--------------------------

Ástæða fyrir skriflegri beiðni um flutning orlofs á milli orlofsára

--

Taka orlofs sem flyst milli orlofsára skal ákveðin eins fljótt og unnt er í samræmi við 5. gr. orlofslaga nr. 30/1987. Starfsmaður skal leggja fram óskir um hvenær orlof skuli veitt í kjölfar þessa samkomulags. Leitast skal við að verða við þeim óskum, að svo miklu leyti sem unnt er vegna starfseminnar.

Heimildir til flutnings orlofs eftir 30. apríl eru eftirtaldar:

- Starfsmaður tekur ekki orlof eða hluta af orlofi að skriflegri beiðni yfirmanns, enda hefur starfsemin ekki gefið kost á því að starfsmaður geti tekið orlof fyrir 1. maí og ekki mögulegt að nýta ónýtta orlofsdaga fyrir þann tíma.
- Starfsmaður er í fæðingar- eða foreldaorlofi 30. apríl eða lýkur því fyrir þann tíma og honum hefur ekki verið gefinn kostur á að taka orlof vegna starfseminnar fyrir 1. maí. Í því tilviki er heimilt, með skriflegri beiðni yfirmanns, að flytja orlofsdaga til næsta orlofsárs. (Á jafnframt við um sorgarleyfi skv. lögum nr. 77/2022).
- Veikist starfsmaður í orlofi eða getur ekki farið í orlof á þeim tíma sem vinnuveitandi hefur ákveðið vegna veikinda skal orlofið ákveðið í samráði við yfirmann eins fljótt og unnt er eftir að veikindum lýkur. Hafi starfsemin ekki gefið kost á því að starfsmaðurinn geti tekið orlof fyrir 1. maí vegna veikindanna er heimilt að flytja orlofið yfir á næsta orlofsár, sbr. 6. gr. orlofslaga nr. 30/1987 og grein 4.6.3 í kjarasamningi.

Athygli er vakin á því að uppsafnað orlof getur aldrei orðið meira en 60 dagar (480 klst. miðað við 40 stunda vinnuviku), sem þýðir að heimilt er að hámarki að flytja 30 daga (240 klst. miðað við 40 stunda vinnuviku) milli orlofsára. Orlof sem flutt er milli orlofsára fellur niður að loknu því orlofsári sem það er flutt yfir á.

Með samkomulagi þessu staðfesta stofnun/ráðuneyti og starfsmaður sín á milli að neðangreindir orlofsdagar flytjast milli orlofsára.

Fjöldi orlofsdaga (klukkustundir)	Frá orlofsári	Til orlofsárs
-----------------------------------	---------------	---------------

Undirskrift

Dagsetning	Staðfesting fyrir hönd stofnunar/ráðuneytis (undirskrift yfirmanns)	Undirskrift starfsmanns
------------	---	-------------------------